



Dreifibréf sóttvarnalæknis nr. 1/2026

Tilkynning frá sóttvarnalækni

Reykjavík, 21. september 2026
2609205/0.5.2

Efni: Bólusetning gegn árlegri influensu

Inflúensubóluefni veturinn 2026–2027 skv. samningum sóttvarnalæknis verða:

- Influvac (Viatris/Icepharma: Parlogis) – 90.000 skammtar skv. samningi við útboð 2025
Fyrir börn 6–23 mánaða og fullorðna með áhættuþætti – afhendist frá **15. okt.** 2026
- Fluenz (Astra Zeneca/Vistor: Distica) – 15.000 skammtar skv. samningi við útboð 2025
Fyrir öll börn 2ja–4 ára og 5–17 ára með áhættuþætti – afhendist frá **30. sept.** 2026

Dreifingu bóluefnanna í október verður forgangsraðað til heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila en aðrir sem fá úthlutað bóluefni geta pantað Influvac frá **1. nóvember**. Tilhögun verður kynnt almenningi.

Bæði bóluefnin eru þrígild, beinast gegn influensu A (H1N1 og H3N2 stofnar) og influensu B (Victoria stofni). **Influvac** er **hefðbundið inflúensubóluefni** í sprautu, ætlað öllum sem þurfa inflúensubólusetningu frá 6 mánaða aldri, líka ónæmisbældum. **Fluenz** er **lifandi veiklað** inflúensubóluefni í formi nefúða sem hefur eingöngu markaðsleyfi fyrir 2–17 ára börn í Evrópu og má ekki nota ef barn má ekki fá lifandi bóluefni. Bæði bóluefnin geta innihaldið **eggjaprótín** og ætti ekki að nota fyrir einstaklinga með lífshættulegt eggjaofnæmi.

Auk samningsbóluefnis kemur **Influvac** til landsins í nóvember á almennan markað og geta allir sem hafa leyfi til að kaupa lyf í heildsölu pantað það meðan birgðir endast. Skráningarskylda er á öllum bólusetningum sem gerðar eru á Íslandi, **aðgangur að skráningarkerfi** fæst hjá sóttvarnalækni ef tilskilin starfs- og/eða rekstrarleyfi heilbrigðisþjónustu eru fyrir hendi.

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri (Influvac).
- **Börn undir 5 ára aldri** sem náð hafa 6 mánaða aldri við bólusetningu (bóluefni í samræmi við aldur).
- Öll börn sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, offitu, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum. Meta þarf frábendingar Fluenz á einstaklingsgrundvelli og eftir atvikum má nota Influvac þess í stað.
- Allir fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, offitu, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum (Influvac).
- Barnshafandi (eingöngu Influvac jafnvel þótt hafi ekki náð 18 ára aldri).
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan (Influvac).
- Fólk í starfstengdri áhættu vegna samsmits árlegrar influensu og fuglainfluensu sbr. [frétt í okt. 2023](#) (Influvac).

Magn Influvac bóluefnis, sem aðilar sem sinna bólusetningum geta pantað, miðast við magn sem þeim var merkt 2025–2026 nema annað hafi komið fram í beinum samskiptum frá sóttvarnalækni. Influvac kemur eingöngu í 10 skammta pakkningum nú í vetur.

Frá **11. janúar** falla niður merkingar á bóluefni sem ekki hefur verið pantað.

Afhending **Influvac** er ókeypis frá seljanda til kaupenda hjá **Parlogis**, á höfuðborgarsvæðinu og á pósthús eða viðeigandi flutningamiðstöð til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Allir sem panta bóluefnið hjá Parlogis greiða fullt innkaupsverð bóluefnanna. Tilgreina þarf hvort pantað er skv. úthlutun úr samningum sóttvarnalæknis við Iceptharma eða það efni sem er á almennum markaði. Endanlegt verð samningsbóluefnis ræðst af lyfjaverðskrárgengi septembermánaðar 2026. Verð bóluefnis á almennum markaði er skv. lyfjaverðskrá.

Afhending **Fluenz** er ókeypis frá seljanda til kaupenda hjá **Distica**, á höfuðborgarsvæðinu og á pósthús eða viðeigandi flutningamiðstöð til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Pöntun og greiðslufyrirkomulag vegna Fluenz er með sama hætti og fyrir önnur bóluefni sem notuð eru í almennum bólusetningum barna á Íslandi.

Sóttvarnalæknir mælist til þess að ofangreindir forgangshópar fái bóluefnið sér að kostnaðarlausu hvar sem bólusetning fer fram. Um komugjöld hjá heilsugæslu/heimilislækni vegna komu eingöngu vegna inflúensubólusetningar gildir [reglugerð 1582/2024](#).

Sóttvarnalæknir endurgreiðir innkaupsverð Influvac bóluefnis fyrir ofangreinda forgangshópa en þá þarf að senda reikning á [rafrænu formi](#) til embættis landlæknis fyrir **1. júní 2027**.

Nánari upplýsingar gefur Júlíana Héðinsdóttir í tölvupósti: juliana.hedinsdottir@sottvarnir.is

Sóttvarnalæknir